# Föstudagur 3. febrúar

SJÓNVARPIÐ

18.00 **Gosi (6).** Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa.
18.25 **Líf í nýju ljósi (25).** Franskur teiknimyndaflokkur um mannslíkamann, eftir **Albert Barrillé.**
**18.50 Táknmálsfréttir.**
18.55 **Austurbæingar.** Fjórtándi þáttur. Breskur myndaflokkur í léttum dúr.
19.25 **Búrabyggð.** Breskur teiknimyndaflokkur úr smiðju Jims Henson.
19.54 **Ævintýri Tinna** Ferðin til tunglsins (11)

20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Spurningakeppni framhaldsskólanna** Undanfarnar vikur hefur staðið yfir á rás tvö hin árlega spurningakeppni framhaldsskólanna. Tuttugu og fimm skólar hafa tekið þátt í keppninni og eru nú átta eftir sem munu keppa þar til einn stendur eftir sem sigurvegari. Stjórnandi Vernharður Linnet. Dómari Páll Lýðsson.
21.10 **Derrick.** Þýskur sakamálamyndaflokkur með Derrick lögregluforingja. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
22.10 **Vetrartískan** Nýr þýskur þáttur um vetrartískuna í ár.
22.40 **Nornaseiður** (Witches Brew) Bandarísk bíómynd frá 1980. Leikstjórar Richard Shorr og Herbert L. Strock. Aðalhlutverk Richard Benjamin, Teri Garr og Lana Turner. Þrjár konur sem hafa áhuga á svartagaldri og nornaskap ákveða að nota hæfileika sína í þessum efnum til að hafa áhrif á starfsferil eiginmanna sinna.
00.20 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.** Bandarískur framhaldsþáttur.
16.30 **Spenser.** Spenser for Hire. Spennumynd um einkaspæjarann snjalla, Spenser, sem hér er á slóð hættulegra vopnasala sem einskis svífast. Aðalhlutverk: Robert Urich, Barbara Stock og Avery Brooks.
18.05 **Snakk.** Seinni hluti.
18.25 **Pepsi popp** Íslenskur tónlistarþáttur þar sem sýnd verða nýjustu myndböndin, fluttar ferskar fréttir úr tónlistarheiminum, viðtöl, getraunir, leikir og alls kyns uppákomur.
19.19 **19:19** Frétta- og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.30 **Í helgan stein** Coming of Age. Léttur gamanmyndaflokkur um fullorðin hjón sem setjast í helgan stein. Aðalhlutverk: Paul Dooley, Phyllis Newman og Alan Young.
21.00 **Ohara** Litli, snarpi lögregluþjónninn og gæðablóðin hans koma mönnum í hendur réttvísinnar þrátt fyrir sérstakar aðfarir. Aðalhlutverk: Pat Morita, Kevin Conroy og Jack Wallace.
21.50 **Merki Zorro.** The Mark of Zorro.
Aðalhlutverk: Frank Langella, Ricardo Montalban, Gilbert Roland og Yvonne de Carlo.
23.10 **Eilíf æska.** Forever Young. Myndin segir frá ungum einhleypum presti og tólf ára föðurlausum snáða sem eru mjög hændir hvor að öðrum. Móðir drengsins vekur mjög sérstakar kenndir hjá prestinum sem hann getur ekki flíkað, starfs síns vegna. Dag nokkurn kemur til bæjarins gamall vinur prestsins en gömul missætti skyggja svo um munar á þessa endurfundi. Aðalhlutverk: James Aubrey, Nicholas Gecks og Alec McCowen.
00.30 **Nótt óttans.** Night of the Grizzly. Búgarðseigandi nokkur og kona hans eiga undir högg að sækja í heimabyggð sinni. Fyrrverandi lögreglustjórinn og fangi er hann dæmdi á embættistíma sínum láta ekki sitt eftir liggja við að reyna að klekkja á þeim. Þegar óboðinn gestur knýr dyra vandast tilveran. Aðalhlutverk: Glint Walker, Martha Hyer og Keenan Wynn.
02.10 **Dagskrárlok**

SKY CHANNEL

5.30 **Viðskipti í Evrópu.**
6.00 **Góðan daginn, Norðurlönd.** Morgunþáttur í umsjá Norðurlandabúa.
7.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
8.00 **Cisco drengurinn.** Kúrekaþáttur.
8.30 **Pound Puppies.** Teiknimynd.
9.00 **40 vinsælustu.** Breski listinn.
10.00 **Soul í borginni.** Popptónlist
11.00 **Evrópulistinn.** Popptónlist.
12.00 **Önnur veröld.** Bandarísk sápuópera.
13.00 **Borgarljós.** Viðtöl við frægt fólk.
13.30 **Thailand.** Ferðaþáttur.
14.00 **From The Earth To The Moon.**Ævintýramynd.
14.30 **Journey To The Center Of The Earth.**Teiknimynd.
15.00 **Niðurtalning.** Vinsældalistapopp.
16:00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
17.00 **Flying Kiwi.**Ævintýraþáttur.

17.30 **Mig dreymir um Jeannie.**
18.00 **The Ghost And Mrs. Muir.**Gamanþáttur.
18.30 **Köngulóarmaðurinn.** Ævintýraþáttur.
19.30 **Tíska.**
20.00 **Ameríski fótboltinn.** Úrsdlitaleikurinn sem fram fór í Miami.
23.00 **Poppþáttur.** Kanadískur þáttur.
24.00 **Menningarprógramm.**
2.50 **Tónlist og landslag.**

Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Ingveldi Ólafsdóttur.**
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn.** Guðni Kolbeinsson les sögu sína, „Mömmustrákur (9.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Kviksjá** – Sænskar nútímabókmenntir. Umsjón: Þorgeir Ólafsson. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudagskvöldi.)
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Maðurinn á bak við bæjarfulltrúann.** Umsjón: Jóhann Hauksson
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti nk. miðvikudag.)
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Skólavarðan. Umsjón: Ásgeir Friðgeirsson.
13.35 **Miðdegissagan:** „Blóðbrúðkaup" eftir Yann Queffeléc.
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Samantekt** – Evrópubúinn. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson. (Síðari þáttur endurtekinn frá miðvikudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Símatími barnaútvarpsins.** Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Haydn, Dvorak, Bernstein og Brahms.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Þingmál.** Umsjón: Atli Rúnar Halldórsson. (Einnig útvarpað næsta morgun kl. 9.45.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningarmál. Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn.** „Mömmustrákur", höfundurinn Guðni Kolbeinsson les. (9) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Sinfónía fyrir blásturshljóðfæri eftir Richard Strauss.** Hollenska blásarasveitin leikur; Edo de Waart stjórnar.
21.00 **Kvöldvaka.** a. Þjóðhættir og þjóðtrú. Þórður Tómasson í Skógum les úr bók sinni, sem hann skráði eftir Sigurði Þórðarsyni frá Brunnhóli, og kynnir hljóðritun með frásögn Sigurðar. b. María Markan syngur íslensk lög c. Þáttur af Rifs-Jóku. Helga K. Einarsdóttir les seinni hluta frásögu Benjamíns Sigvaldasonar. Umsjón: Gunnar Stefánsson.
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Lestur Passíusálma.** Guðrún Ægisdóttir les 11. sálm.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Í kvöldkyrru.** Þáttur í umsjá Jónasar Jónassonar.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Tónlistarmaður vikunnar** – Jónas Ingimundarson. Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.**
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur með afmæliskveðjum kl. 10.30.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar á hvassan og gamansaman hátt.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Margrét Blöndal og Gestur Einar Jónasson leika þrautreynda gullaldartónlist og gefa gaum að smáblómum í mannlífsreitnum. (Frá Akureyri.)
14.00 **Á milli mála.** Óskar Páll Sveinsson leikur nýja og fína tónlist. – Útkíkkið kl. 14.14. – Arthúr Björgvin talar frá Bæheimi.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. – Kaffispjall upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. – Illugi Jökulsson spjallar við bændur á sjötta tímanum. – Þjóðarsálin, þjóðfundur í beinni útsendingu að loknum fréttum kl. 18.03. – Hugmyndir um helgarmatinn og Ódáinsvallasaga eftir kl. 18:30.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Vinsældalisti rásar 2.** Stefán Hilmarsson kynnir tíu vinsælustu lögin. (Einnig útvarpað á sunnudag kl. 15.00.)
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** Lærum þýsku. Þýskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Bréfaskólans. (Fimmti þáttur endurtekinn frá mánudagskvöldi.)

22.07 **Snúningur.** Stefán Hilmarsson ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
03.00 **Vökulögin.** Lög af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00.

FM 98·9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson.** Tónlist sem gott er að byrja daginn með, fregnir af veðri og færð. Fréttir kl. 8. Potturinn kl. 9.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Föstudagstónlist. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Bibba kemur með Halldór milli kl. 11 og 12.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Föstudagsskapið allsráðandi á Bylgjunni, óskalagasíminn er 61 11 11. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Halldór á sínum stað.
18.00 **Fréttir.**
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.**
20.00 **Íslenski listinn.** Ólöf Marín kynnir 40 vinsælustu lög vikunnar.
22.00 **Þorsteinn Ásgeirsson á næturvakt.**
2.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Egg og beikon.** Morgunþáttur Þorgeirs og fréttastofunnar, viðtöl, fólk og góð tónlist. Stjörnufréttir klukkan 8.
9.00 **Níu til fimm.** Lögin við vinnuna, lítt trufluð af tali. Umsjón Gyða Dröfn Tryggvadóttir og Bjarni Haukur Þórsson. Stjörnufréttir klukkan 10, 12, 14 og 16.
17.00 **Ís og eldur.** Þorgeir Ástvaldsson og Gísli Kristjánsson, tal og tónlist. Stjörnufréttir klukkan 18.
18.00 **Bæjarins besta.** Kvöldtónlist til að hafa með húsverkunum og eftirvinnunni.
21.00 **Næturvaktin.** Danslög, slagarar og ballöður til að þóknast hressu fólki. Óskalaga- og kveðjusími 681900.

## Hljóðbylgjan
**Reykjavík FM 95,7**
**Akureyri FM 101,8**

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.** Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Jóhann Jóhannsson** í sínu sérstaka föstudagsskapi. Jóhann spilar föstudagstónlist eins og hún gerist best.
24.00 **Næturvakt Hljóðbylgjunnar.** Þær gerast ekki betri.
4.00 **Ókynnt tónlist til morguns.**

ALFA FM·102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
15.00 **Í miðri viku.** Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
17.00 **Orð trúarinnar.**Blandaður þáttur með tónlist, u.þ.b. hálftímakennslu úr orðinu og e.t.v. spjalli eða viðtölum. Umsjón: Halldór Lárusson og Jón Þór Eyjólfsson. Endurtekið á mánudagskvöldum.
19.00 **Alfa með erindi til þín.**Frh.
20.00 **Inn úr ösinni.** Endurtekið frá miðvikudegi.
22.00 **KÁ-lykillinn.** Blandaður tónlistarþáttur með plötu þáttarins. Orð og bæn um miðnætti. Umsjón: Ágúst Magnússon.
0.20 **Dagskrárlok.**

Rót ÚTVARP FM 106·8

Afmælishátíð Útvarps Rótar í Risinu í kvöld. Matur og skemmtidagskrá.
13.00 **Jafnrétti, allra mál.** Umsjón: Sigríður Ásta Árnadóttir. E.
15.00 **Elds er þörf.** Vinstri sósíalistar. E.
16.00 **Heima og heiman.** Alþjóðleg ungmennaskipti. E.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Í hreinskilni sagt.** Pétur Guðjónsson.
18.00 **Upp og ofan.** Umsjón: Halldór Carlsson.
19.00 **Opið.**
20.00 **FES.** Unglingaþáttur í umsjá Gullu.
21.00 **Uppáhaldslögin.** Opið fyrir hlustendur að panta tíma og fá að annast þennan þátt.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt til morguns.**

ÚTRÁS
FM 104,8

16.00 **Dagana** 30. jan.–3. febr. verður á Útrás sk. lukkuvika og fyrirkomulagið með öðru sniði en venjulega. Rjóminn af þáttagerðarmönnum stöðvarinnar sér um dagskrána og verða þeir með ýmsar uppákomur. Góð tónlist situr að sjálfsögðu í fyrirrúmi, en að auki verða viðtöl við landsþekktar persónur, glens & grín, að ógleymdum getraunum þar sem veitt verða hin ótrúlegustu verðlaun. Því er best fyrir ykkur að vera góð og **stillt.**
24.00 **Næturvakt** með góðri tónlist, kveðjum og öllu tilheyrandi.
4.00 **Dagskrárlok.**

## Ólund
Akureyri
FM 100,4

17.00 **Um að vera um helgina.** Hlynur Hallsson. Í þættinum eru tíundaðir helstu viðburðir helgarinnar í listum, menningu, skemmtunum og fleiru. Fólk kemur í tal.
19.00 **Peysan.** Snorri Halldórsson. Tónlist af öllum toga og fleira.
20.00 **Gatið.**
21.00 **Fregnir.** 30 mínútna fréttaþáttur. Hvað ætlar fólk að gera um helgina? Viðtöl.
21.30 **Samræður X. þáttur.** Umsjón Sigurður Magnason.
23.00 **Grautarpotturinn.** Ármann Kolbeinsson og Magnús Geir Guðmundsson blúsa og rokka. Móri kvöldsins skýtur upp kollinum.
01.00 **Næturlög.** Næturvakt Ólundar.

### Rás 2 kl. 16.03:

## Illugi gengur aftur

Dægurmálaútvarpið á rás 2 kynnir nú á ný, eftir allt of langt hlé að flestra dómi: Manninn með flosröddina, sjálfan meistara kýlastunguaðferðarinnar, engan annan en Illuga Jökulsson.

Þegar úfnar fjaðrir voru rétt að komast í fyrra horf eftir moldviðrið í kringum Illuga Jökulsson og fjölmiðlagagnrýni hans á rás 2 í fyrravetur ákváðu dægurmálaútvarpsstarfskraftar að alls ekki mætti við svo búið standa. Og Illugi hlýddi kallinu og bregður nú brandi á ný í vikulegum pistlum á föstudögum eftir kl. 17.00.


**Illugi Jökulsson er afturgenginn og ríður nú húsum á rás 2 á föstudögum.**

Allir sem unna ísmeygilegum aðfinnslum og óaðfinnanlegu nöldri ættu að sitja með sperrt eyrun við tækin. Hver veit hvar Illugi kýs að bera niður? Er einhver óhultur fyrir Illuga? Verður þú kannski næstur?.

-Pá


**Einn andstæðinga Zorros er leikinn af Ricardo Montalban.**

### Stöð 2 kl. 21.50:

## Merki Zorros

Goðsögnin um Zorro hefur oft verið viðfangsefni kvikmyndagerðarmanna gegnum tíðina. Í þessari mynd er það Frank Langella sem fer grímuklæddur á stjá um nætur og berst í nafni réttlætisins fyrir þjakaða íbúa Kaliforníu.

Sagan hermir að Zorro hafi verið ungur aðalsmaður og manna vopfimastur í her spænska konungsins. Hann snýr aftur til heimaslóða og kemst að því að faðir hans hefur verið sviptur völdum og fjölskyldu hans er haldið fanginni.

Nýi landstjórinn leggur fæð á Zorro og telur hetju næturinnar mesta ónytjung. Hann veit ekki að dóttir hans hvílir um nætur í örmum hins grímuklædda og hlýtur fyrr eða síðar að komast á snoðir um hið rétta innræti hans.

-Pá


**Nornirnar leggja á ráðin um að fá liðsinni myrkrahöfðingjans.**

### Sjónvarp kl. 22.40:

## Nornaseiður

Staða yfirmanns sálfræðideildar við háskóla nokkurn losnar og nokkrir ungir undirmenn keppa um að hreppa hina eftirsóttu stöðu. Eiginkonur þeirra ákveða að nýta sér kunnáttu sína í göldrum og kukli til þess að tryggja frama þeirra.

En í þessum efnum er betra að kunna sér hóf og rasa ekki um ráð fram. Galdranornirnar er lítt skólaðar í því að fást við myrkraöflin og áætlanir þeirra fara úr böndunum með hrikalegum afleiðingum.

Aðalhlutverk eru í höndum Richard Benjamin, Teri Carr, Lönu Turner, Kathryn Leigh Scott og Kelly Jean Peters.

-Pá